

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 10. apríl 2026

Mál nr. S-61/2025:

Lögglustjórinn á Norðurlandi vestra

(Sólveig Ingadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður)

(Valgerður Dís Valdimarsdóttir lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Málið var höfðað með ákæru lögglustjóra, dagsettri 30. júní 2025, á hendur X, kt. [...], til heimilis að [...]. Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 25. mars 2026.
- Dómarinn sem fer með málið tók við meðferð þess 1. september 2025 en hafði engin afskipti af því fyrir þann tíma.
- Í ákæru segir að málið sé höfðað fyrir eftirfarandi brot: „fyrir umferðar- og hegningarlagabrot með því að hafa, mánudaginn 11. september 2023, óhæf til að stjórna ökutæki örugglega vegna áhrifa áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 0,60‰), ekið bifreiðinni [...] um Engjaveg, Reykjavík framhjá hópi gangandi vegfarenda án nægilegrar aðgæslu, með þeim afleiðingum að hún ók bifreiðinni utan í brotþola, Y, [...] ríkisborgara fæddan [...], þannig að hann féll við og bifreiðin fór yfir vinstri fót hans þannig að hann hlaut áverka á fæti og ökkla.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 49. gr. og 2. mgr. 27. gr., sbr. 94. og 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

[...]

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019.“

Við aðalmeðferð málsins kom saksóknari á framfæri leiðréttingu þess efnis að það hefði í reynd verið hægri fótur brotaþola en ekki sá vinstri sem bifreiðin fór yfir.

4. Þá er einkaréttarkröfu lýst á svofelldan hátt í ákærinni: „Í málinu gerir Valgerður Valdimarsdóttir lögm., f.h. brotaþola Y, f. [...], kröfu um að ákærða greiði honum miskabætur að fjárhæð kr. 1.200.000 auk vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 11. september 2023 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er kynnt fyrir ákærðu en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Enn fremur er krafist endurgreiðslu á kr. 22.538 auk vaxta skv. [lögum] nr. 38/2001 frá 11. september 2023. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts til handa brotaþola vegna kostnaðar við að halda fram kröfu sinni í málinu.“
5. Ákærða krefst sýknu af kröfum ákæruvaldsins og þess að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hennar, greiðist úr ríkissjóði. Þá krefst ákærða þess að einkaréttarkröfunni verði vísað frá dómi. Til vara krefst ákærða sýknu af einkaréttarkröfunni og til þrautavara að hún verði lækkuð verulega.

Helstu málsatvik

Lögregluskýrslur

6. Í lögregluskýrslu, dagsettri 11. september 2023, kemur fram að þann dag hafi borist tilkynning um að ekið hefði verið á gangandi vegfaranda við Engjaveg 8 og að hann væri líklega fótbrotinn. Tilgreind er tímasetningin 17:27. Einnig hafi komið fram að öku- maðurinn hefði ekið á brott á bifreiðinni [...]. Eftir að hafa aflað upplýsinga hjá eiganda bifreiðarinnar um að ákærða væri öku maður hennar hafi verið haft samband símleiðis við ákærðu og lögregla í framhaldinu hitt ákærðu við Kringluna. Ákærða hafi þá sjáanlega verið í miklu uppnámi vegna málsins. Haft er eftir ákærðu að hún hafi verið að aka á Engjavegi þegar hún hafi komið auga á knattspyrnuáðdáendur frá Bosníu og Hersegóvínu, en þar hafi margir stuðningsmenn landsliðs þess ríkis verið staddir vegna leiks þess við landslið Íslands. Ákærða hafi flautað aðeins á þá til að „djóka“ í þeim og búa til smá „stemningu“. Þeir hafi brugðist illa við því og hafið að sparka og slá í bifreiðina með þeim afleiðingum að hægri hliðarspegill hennar hafi skemmst. Ákærðu hafi brugðið mikið við þetta og ákveðið að aka frá vettvangi til að koma sér frá „þessum óðu stuðningsmönnum“ og hún hafi verið í miklu áfalli.

7. Ákærða hafi blásið í áfengisprófunarmæli lögreglu og mælirinn sýnt niðurstöðuna 0,70%. Ákærða hafi þá verið handtekin grunuð um akstur undir áhrifum áfengis. Aðspurð hafi hún sagst síðast hafa drukkið áfengi kl. 7 um morguninn. Hún hafi verið flutt á lögreglustöð og blóðsýni tekið þar. Í þágu rannsóknar hafi ákærða verið vistuð í fangaklefa þar sem taka hafi þurft annað blóðsýni úr henni klukkustundu eftir fyrra blóðsýni, sem hafi verið gert að þeim tíma liðnum. Ákærða hafi þá blásið aftur í áfengisprófunarmæli sem hafi sýnt niðurstöðuna 0,28%. Eftir skýrslutöku hafi ákærðu verið ekið að bifreiðinni, þar sem hún hafi gleymt hlutum í henni. Ákærða hafi þá blásið einu sinni enn í áfengisprófunarmæli, sem hafi þá sýnt niðurstöðuna 0,00% og því hafi kveikjulaslyklarnir verið afhentir henni.
8. Ákærða gaf skýrslu hjá lögreglu þetta sama kvöld, 11. september 2023. Þar greindi hún frá því að hún hefði verið að keyra götuna milli Glæsibæjar og Laugardalshallar. Hún hafi komið að hópi manna á götunni og þar hafi verið fagnaðarlæti og stemning. Hún hafi ætlað að keyra framhjá hópnum en í staðinn fyrir að gera það bara hafi hún flautað og þeir orðið alveg brjáláðir og „agressívir“ við það. Hún hafi þá keyrt áfram og fundist þeir vera mjög nálægt bílnum. Hún hafi mögulega keyrt yfir ristina á einhverjum en þeir hafi staðið alveg við bílinn. Þeir hafi orðið alveg brjáláðir við þetta og öskrað og barið á bílinn, þannig að hún hafi orðið hrædd og keyrt í burtu. Hún hafi hringt í manninn sinn og sagt honum frá þessu. Hann hafi sagt henni að leggja bifreiðinni og hringja á Neyðarlínuna, sem hún hafi gert. Hún hafi lagt á bílastæðinu við Kringluna og látið vita af þessu. Hún hafi sagt að hún hefði líklega keyrt yfir fótinn á einhverjum, án þess að hafa vitað það samt. Hún hafi verið mjög skelkuð; þetta hafi verið asnalegt „panikk“. Þetta hafi verið einhver lélegur brandari hjá henni að flauta á hópinn. Hún hafi verið í partí til kl. 7 um morguninn og ekki verið búin að borða neitt. Hún hafi ekki fundið neitt á sér en hefði þá líklega ekki átt að keyra.
9. Aðspurð um hve mikið hún hafi verið búin að drekka fyrir aksturinn kvað hún það hafa verið mikið en að hún vissi ekki hversu mikið. Þau hafi drukkið til kl. 7 um morguninn. Hún kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Aðspurð um hvers vegna hún hafi ekki stöðvað bifreiðina og gert ráðstafanir þegar einstaklingur slasaðist kvaðst hún hafa verið hrædd við mennina sem hafi verið háværir og barið og sparkað í bifreiðina. Þeir hafi brotið spegilinn, svo hún hafi forðað sér og hringt í lögregluna. Hún hafi alls ekki viljað skorast undan neinu en hafi orðið að koma sér út úr þessum aðstæðum.

10. Brotapoli, Y, gaf skýrslu hjá lögreglu 13. september 2023. Hann kvaðst hafa verið á göngu með stórum hópi fótboltaaðdáenda, aftast í hópnum. Skyndilega hafi hann heyrt flautað frá bifreið. Svo hafi verið ekið á hann, svo hann hafi dottið en fótur hans hafi orðið eftir í sporinu og ekið hafi verið á hann. Litlu hafi munað að hann hafi dottið í átt að bifreiðinni. Hann hafi ekki verið viss um hversu slasaður hann væri en ákveðið að reyna að fara á fótboltaleikinn. Í kjölfarið hafi hann leitað á slysadeild þar sem hann hafi verið með slæmt mar á fæti. Ekki hafi verið hamangangur á vettvangi. Ekið hafi verið á hann upp úr þurru en í kjölfarið hafi fólk slegið í bifreiðina, þar sem henni hafi verið ekið ógætilega. Síðan hafi henni verið ekið í burtu af vettvangi.
11. A gaf einnig skýrslu hjá lögreglu 13. september 2023. Hann kvaðst hafa verið á gangi á Engjavegi með hópi fólks sem var á leið á fótoltaleik. Hópurinn hafi verið stór og gengið mjög nálægt götunni og hálfpartinn á götunni þegar gengið hafi verið til vesturs. Umferð sem ekið hafi verið til vesturs hafi því átt erfitt með að komast framhjá hópnum, sérstaklega þegar aðrar bifreiðar hafi komið í gagnstæða átt. Hann hafi staðið um 3 metrum frá Y þegar hann hafi tvisvar heyrt flaut frá bifreið og svo hafi verið ekið mjög nálægt hópnum og utan í Y með þeim afleiðingum að hann hafi fallið á jörðina. Fótur hans hafi orðið eftir í sama spori og bifreiðinni hafi verið ekið yfir fótinn á honum og svo hratt og ógætilega áfram. Konan sem ók bifreiðinni hafi ekki sýnt neina aðgát en gefið í eftir að slysið varð og ekið framhjá hópnum. Enginn hafi áreitt bifreiðina áður en slysið varð. A og Y hafi verið aftast í hópnum og verið alveg rólegir áður en slysið varð. Þeir hafi bara heyrt flaut og svo hafi þetta gerst. Það hafi verið eftir að ekið var á Y sem fólk hafi slegið í bifreiðina, þar sem henni hafi verið ekið ógætilega eftir á og ökumaðurinn hafi stungið af.
12. B gaf skýrslu hjá lögreglu 12. október 2023. Þar kvaðst hann hafa keyrt framhjá Laugardalshöll þar sem hópur fólks hafi labbað á götunni og sungið og klappað. Bifreið hafi verið ekið aftan á hópinn, frekar hratt, ökumaður flautað og svo ekið inn í þvöguna. Ekið hafi verið á mann aftast í hópnum og honum hafi sýnst að einnig hafi verið ekið á mann frekar framarlega. Bifreiðinni hafi svo verið ekið í burtu. Ekkert hafi gerst sem túlka megi sem aðsúg að bílnum. Fólk hafi ekki haft tækifæri til að færa sig frá.

Myndbönd

13. Meðal gagna málsins eru tvö myndbönd sem sýna hóp fólks ganga eftir Engjavegi við Laugardalshöll. Þar sést að bifreið með skráningarnúmerið [...] er ekið fremur hægt aftan að hópnum. Ítrekað er flautað og bifreiðin nemur svo staðar í örstutta stund aftan við

hópin, enda ekki fær leið um götuna framhjá hópnum. Í beinu framhaldi af því er bifreiðinni ekið aftur af stað og hægri hlið hennar rekst þá utan í fætur tveggja manna í jaðri hópsins en ekki sést hvort hjól bifreiðarinnar fara yfir fætur þeirra. Í beinu framhaldi af því er hraði bifreiðarinnar aukinn umtalsvert og henni ekið af vettvangi.

Rannsókn á blóðsýni

14. Í niðurstöðum Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði kemur fram að 0,60% vínanda hafi verið greind í blóðsýni úr ákærðu.

Gögn um líkamstjón brotþola

15. Í læknisvottorði, dags. 11. júní 2025, kemur fram að Y hafi komið á bráðamóttöku með sjúkrabíl 11. september 2023 kl. 21:30. Hann hafi greint svo frá að hann hafi verið á leið heim af fótboltaleik sama dag þegar keyrt hafi verið á hann, hann fallið við og þá hafi verið keyrt yfir fótinn á honum. Hann hafi greint frá miklum verkjum í hvíld við hreyfingu og dofa í tám. Við skoðun hafi sést roði á hægri rist og dreifð bólga yfir rist og ökkla. Þá hafi hann verið með lítið sár á innanverðum fæti. Hann hafi hreyft tær og getað hreyft fótinn um ökkla. Þreifeymsli hafi verið aðallega í stórutá og á hægri fæti. Hann hafi ekki treyst sér til að stíga í fótinn. Hann hafi farið í röntgen af ristarbeinum og ökkla, sem hafi sýnt allt eðlilegt, þ.e. ekki brot. Niðurstaða greiningar var sú að hann væri með kramningsáverka á ökkla.
16. Í samantekt læknanema í [...], dags. 14. september 2023, kemur fram að brotþoli finni einkum til undir fætinum og segi frá minni hreyfanleika. Sýnileg bólga sé á hægri fæti og ökkla. Röntgenmyndataka af hægri ökkla hafi ekki sýnt brot.
17. Í vottorði lækni í [...], dags. 4. júlí 2024, kemur fram að ekið hafi verið yfir hægri fót brotþola í umrætt sinn, en afturdekk bifreiðarinnar hafi keyrt yfir fótinn „sem liggur þá á hlið“, þ.e. dekkið hafi ekið yfir miðrönd fótans. Þetta valdi bólgu, bláleitum litbrigðum og verkjum. Brotþoli hafi verið skoðaður af lækni í [...] tveimur dögum eftir atvikið. Teknar hafi verið röntgenmyndir sem ekki hafi sýnt skaða á beinum. Þó séu áhrif á mjúkvefi greinileg. Brotþoli glími enn við afleiðingar sem lýsi sér í verkjum við hlaup. Verkir komi fram við mitt ökklobein og undir stigfleti táar. Hann starfi sem [...] og fái einnig verki þegar hann gangi upp tröppur og eftir nokkurra klukkustunda vinnu, þar sem hann gangi almennt mikið. Brotþoli sé virkur á vinnumarkaði og hafi ekki glímt við vandamál með hægri fót/ökkla fyrir nefndan atburð.

18. Í öðru vottorði sama læknis í [...], dags. 26. nóvember 2024, kemur fram að læknirinn hafi skoðað brotapolu 28. ágúst 2024 vegna vandamála tengdum hægri ökkla eftir slys á Íslandi í september 2023. Hann sé enn með minnkaða hreyfigetu í ökklanum og finni fyrir stirðleika og verkjum við ákveðnar hreyfingar. Þá segir að þar sem þessi einkenni séu enn til staðar eftir heilt ár gætu þau þróast í langvinn einkenni.
19. Sami læknir staðfesti enn fremur með bréfi, dags. 31. júlí 2025, að brotapolu hefði fengið niðurstöðu í skaðabótamáli sínu, þar sem tjón á ökkla hafi verið metið 5%, byggt á einknum sem komi fram sem álagstengdir verkir í ökkli og lítils háttar minnkun hreyfigetu.
20. Í gögnum frá viðkomandi tryggingafélagi í [...], um ákvörðun bóta til brotapolu úr slysatryggingu, kemur einnig fram að varanlegt tjón brotapolu eftir slysið sé metið 5% og að einkenni lýsi sér í álagstengdum verkjum í ökkli, óþægindum við virkni og lítils háttar minnkun hreyfigetu. Þá kemur fram að við mat á varanlegu tjóni hafi verið tekið tillit til þeirra óþæginda og læknisfræðilegu atriða sem fram komi í læknisfræðilegum upplýsingum málsins. Enn fremur kemur fram að brotapolu fái greiðslu að fjárhæð 28.637,85 danskar krónur vegna þessa.

Gögn um ákærðu

21. Í vottorði D sálfræðings, dags. 11. nóvember 2025, er staðfest að ákærða hafi í viðtali 14. september 2023 lýst því atviki sem um ræðir í málinu, á þann veg að á umræddum stað hafi safnast saman hópur manna á akvegi og hindrað umferð. Ákærða hafi sagst hafa flautað á mennina með það í huga að þeir færðu sig af veginum. Við flautið hafi hún sagt mennina eða einhvern hluta þeirra hafa reiðst og ráðist að henni og bíl hennar. Atvikið hafi kallað fram verulegan ótta hjá ákærðu. Hún hafi sagst hafa vitað að bílhurðinni ökumannsmegin væri ekki hægt að læsa vegna bilunar. Það hafi orðið til þess að hún skelfdist enn frekar og hafi því gripið til þess ráðs að keyra áfram til að forða sér úr óttafullum aðstæðum og lagt bílnum í bílastæði til að ná áttum. Frásögn um atburðarásina hafi tekið verulega á ákærðu og hún hafi sagt frá mikilli vanlíðan í kjölfar atviksins, sem hafi lýst sér m.a. í miklum ótta og óöryggi, líkamlegum streitueinkennum og dofa sem svari til einkenna áfallastreitu. Einnig er greint frá því að ákærða hafi áður sætt áfallameðferð tengdri árás og alvarlegu ofbeldi sem hún hafi orðið fyrir árið 2003. Bakslag sé nokkuð algengt í úrvinnslu áfalla og einkenni komi gjarnan fram á ný við aukna streitu í daglegu lífi eða ef þolandinn þarf að takast á við aðstæður sem minna á

áfallið. Ákærða hafi áfram reglulega sótt stuðningsviðtöl og áfallameðferð. Hún sé enn að glíma við andlegar afleiðingar sem hafi truflað eða hindrað almenn lífsgæði.

Skýrslur fyrir dómnum

Hér verða raktar skýrslur ákærðu, brotaþola og vitna fyrir dómnum, að því marki sem ástæða þykir til vegna úrlausnar málsins.

Skýrsla ákærðu

22. Í skýrslu sinni fyrir dómnum greindi ákærða frá því að hún hefði verið að aka um Engjaveg, þar sem stór hópur drukkinna manna hafi verið úti á götu vegna landsleiks og stöðvað umferð. Hún hafi flautað á þá en þeir tekið því illa og byrjað að berja bílinn að utan og sparka í hann. Þeir hafi barið mjög fast í rúðurnar og m.a. brotið spegilinn. Hún hafi orðið mjög hrædd, m.a. vegna þess að hún hafi vitað að ekki var hægt að læsa dyrnum um bílstjóramegin. Í því samhengi gat hún þess að hún glímdi við áfallastreituröskun vegna annarra atvika. Hún hafi hugsað um að koma sér út úr aðstæðunum sem fyrst. Þegar hún hafi ekið í burtu hafi hún fundið eins og eitthvað færi utan í bílinn. Hún hafi lagt bílnum við Kringluna og hringt þaðan í lögreglu, auk þess að hringja í manninn sinn.
23. Aðspurð um hvort hún hefði neytt áfengis kvaðst hún hafa gert það í samkvæmi nóttina áður og fram á morgun en ekki yfir daginn. Hún hafi ekki fundið til áfengisáhrifa um daginn og talið að sér væri óhætt að aka.
24. Aðspurð um hvort hún hefði orðið vör við að hafa ekið yfir fót brotaþola kvaðst hún hafa fundið eins og eitthvað færi utan í bílinn og verið hrædd um að einhver hefði meiðst.
25. Aðspurð um myndbönd sem liggja fyrir í málinu kvað hún þau líta mun verr út fyrir hana en aðstæður hafi verið í raun, þar sem atburðarásin sjáist þar ekki frá nógu mörgum sjónarhornum til að draga fram heildarmynd af atvikum.
26. Ákærða kvað fyrri áföll hafa haft áhrif á viðbrögð hennar við þeim aðstæðum sem sköpuðust í umrætt sinn, þar sem hún glími við áfallastreituröskun vegna þeirra. Hún hafi sótt tíma hjá sálfræðingi í því skyni að vinna úr afleiðingum þess atviks sem málið varðar.

Skýrsla Y (brotaþola)

27. Brotaþoli bar um það í skýrslu sinni fyrir dómnum að hann hafi verið á gangi ásamt nokkrum félögum í átt að fótboltavellinum og hann hafi verið með þeim öftustu í hópnum. Hann hafi heyrt bílflaut og í framhaldinu dottið. Sem betur fer hafi hann dottið til vinstri en ekki hægri því annars hefði bíllinn ekið yfir hann. Hjól bílsins hafi þó farið

yfir hægri fót hans og hann meiðst við það og ekki getað gengið en tveir félagar hans hafi í framhaldinu borið hann.

28. Daginn eftir hafi hann farið heim til sín til [...]. Hann hafi ekki getað stundað vinnu fyrstu vikunnar á eftir. Afleiðingar atviksins hafi enn mikil áhrif á líf hans og lífsgæðin séu skert, en hann finni t.a.m. fyrir miklum verkjum við hlaup.
29. Aðspurður um hvort hann hefði haft tíma til að bregðast við og víkja sér frá bifreiðinni kvaðst hann ekki hafa haft tíma til þess, en ekið hafi verið á hann í beinu framhaldi af því að hann heyrði í flautu bifreiðarinnar.

Skýrsla A

30. Í skýrslu A, sem kvaðst vera vinur brotaþola, kom fram að hann hefði verið staddur í sama hópi og brotaþoli í umrætt sinn og gengið á að giska 10 metrum fyrir framan hann. Hann hafi snúið sér við og séð að brotaþoli var keyrður niður. Svo hafi ökumaður bifreiðarinnar byrjað að flauta og síðan aukið hraðann og horfið af vettvangi. Nánar aðspurður um þetta kvaðst hann muna að það hefði ekki verið fyrr en eftir að brotaþoli féll í götuna sem flautað var. Hann kvað þetta allt hafa gerst mjög hratt, kannski á 5–10 sekúndna tímabili. Vitnið kvað félagar brotaþola hafa skipst á að bera hann í kjölfar þessa. Fyrst hafi verið farið á leikinn og síðan hafi brotaþola verið ekið á spítala.

Skýrsla B

31. Vitnið B greindi frá því að hann hefði verið akandi og séð þar hóp af fólki sem þar var saman komið vegna landsleiksins. Hann hefði stöðvað bílinn og farið að taka upp myndband af því sem fyrir augu bar. Síðan hafi hann heyrt í bílflautu og séð bíl koma akandi og keyra eiginlega inn í hópinn og bruna svo í burtu. Nánar aðspurður um þetta kvað hann bílnum ekki hafa verið ekið inn í hópinn en hann hafi komið aftan að fólkinu sem var á götunni og keyrt utan í einhverja. Síðan hafi ökumaðurinn legið á flautunni og brunað í burtu, án þess að stöðva bifreiðina meðan á þessu stóð. Vitnið kvaðst ekki hafa séð vegfarendurna gera aðsúg að bifreiðinni.

Skýrsla D sálfræðings

32. Sálfræðingurinn D staðfesti vottorðið sem vísað er til í efnisgrein nr. 21 hér að framan. Hún kvað ákærðu glíma við áfallasteitu vegna fyrra atviks og að þau einkenni gætu hafa haft áhrif á hvernig hún brást við þeim aðstæðum sem uppi voru þegar atvik þessa máls áttu sér stað.

Skýrsla E

33. E, fyrrverandi eiginmaður ákærðu, greindi frá því hvernig ákærða hefði skýrt honum frá atvikum umrætt kvöld. Hann kvað ákærðu hafa verið í mikilli geðshræringu eftir atvikið og sagt honum frá því að hún hefði lent inni í hópi fótboltaaðdáenda sem hefðu ráðist á bílinn með höggum og spörkum. Hann kvaðst hafa verið eigandi umræddrar bifreiðar og kvað læsingu hurðarinnar bílstjórarnegin hafa verið bilaða, þannig að ekki hafi verið hægt að læsa dyrunum. Aðspurður um ummerki á bifreiðinni eftir atvikið sagði hann festingu á spegli hafa verið lausa eftir það og kvaðst minna að teknar hefðu verið myndir þar sem fótspor hefðu sést á henni.

Helstu röksemdir ákæruvaldsins

34. Af hálfu ákæruvaldsins er vísað til þess að fyrir liggi myndband sem sýni ákærðu keyra á brotaþola og síðan á brott. Fyrir liggi að ákærði hafi hlotið líkamstjón vegna þessa og verið metinn til 5% örorku. Því sé um að ræða varanlegt líkamstjón og ákærðu hafi mátt vera það fyllilega ljóst að háttsemin gæti valdið meiðslum. Skilyrði refsínæmis samkvæmt 219. gr., sbr. 218. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 séu því uppfyllt. Fyrri áfallasaga ákærðu hafi ekki áhrif á refsínæmi háttseminnar en kunni þó mögulega að hafa áhrif til mildunar refsingar.
35. Ágreiningslaust sé að ákærða hafi ekið bifreiðinni og að áfengi hafi mælst í blóði hennar eftir aksturinn. Ekki skipti máli þótt ákærða hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Helstu röksemdir bótakrefjanda

36. Til stuðnings einkaréttarkröfu brotaþola er af hans hálfu vísað til þess að læknisfræðileg gögn staðfesti að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna brots ákærðu. Brotaþoli hafi komið hingað til lands til að horfa á fótboltaleik en atvikið hafi eyðilaggt ferðina þar sem það hafi átt sér stað skömmu áður en leikurinn hófst. Brotaþoli hafi verið sárkvalinn fyrst eftir atvikið, enda hafi hann hlotið kramningsáverka á fæti. Hann hafi síðan verið óvinnufær í þrjár vikur og síðar verið metinn til 5% örorku. Lífsgæði hans séu því varanlega skert vegna þessa. Hending hafi ráðið því að ekki fór enn verr, þar sem hann hafi fallið á hægri hliðina en ekki þá vinstri þegar ákærða ók á hann, en annars hefði hann getað lent undir bifreiðinni.

Helstu röksemdir ákærðu

37. Af hálfu ákærðu er vísað til þess að hún hafi verið í mjög krefjandi aðstæðum þar sem vegfarendur hafi gert aðsúg að bifreið hennar eftir að hún flautaði á þá og m.a. skemmt spegil bifreiðarinnar. Af þeim sökum hafi hún leitast við að komast út úr aðstæðunum með hraði. Áfallastreituröskun sem hún glími við hafi líklega einnig gert það að verkum að hún komst í meira uppnám en ella í umræddum aðstæðum. Þá beri framburðum ekki saman um hvort ákærða hafi flautað áður eða eftir að bifreið hennar fór utan í brotþola.
38. Ekki liggi fyrir að brotþoli hafi hlotið slíka áverka að skilyrði refsinnæmis samkvæmt 219. gr., sbr. 218. gr., almennra hegningarlaga séu uppfyllt, enda hafi hann ekki hlotið beinbrot. Þá hafi ásetningur ákærðu ekki staðið til þess að meiða nokkurn mann. Ekki liggi heldur fyrir næg sönnun um orsakatengsl milli háttsemi ákærðu og líkamstjóns brotþola, en brotþoli hafi leitað til læknis fyrstu dagana eftir atvikið en svo ekki næstu 10 mánuði. Enn fremur liggi ekki fyrir næg gögn um skilmála tryggingafélagsins við greiningu 5% örorku brotþola í [...].
39. Hvað varðar akstur undir áhrifum áfengis er vísað til þess að hjáveituaðgerð á ákærðu hafi misheppnast, með þeim afleiðingum að áfengi brotni hægar en ella niður í líkama hennar. Henni hafi ekki verið kunnugt um þetta þegar atvik málsins áttu sér stað og verið í góðri trú um að ekki væri áfengi í blóði hennar, enda hafi hún ekki fundið til áfengis-áhrifa. Áfengismagn í blóði hennar hafi enda mælst lágt.
40. Enn fremur er því mótmælt af hálfu ákærðu að ákvæði 2. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eigi við um atvik málsins, þar sem þau eigi ekki við um akstur inni á akbraut.

Forsendur og niðurstöður

Almennt

41. Samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, skal hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Þá gildir samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákærvaldinu. Samkvæmt 109. gr. sömu laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti.
42. Ákærðu eru gefnar að sök líkamsmeiðingar af gáleysi, sbr. 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, akstur framhjá hópi gangandi vegfarenda án nægilegrar aðgæslu, sbr.

2. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, og ölvunarakstur, sbr. 1., sbr. 2., mgr. 49. gr. umferðarlaga.

Líkamsmeiðingar af gáleysi

43. Meðal gagna málsins eru tvö myndbönd sem nánar er fjallað um í efnisgrein nr. 13, þar sem sést að bifreið er ekið utan í fætur tveggja manna. Óumdeilt er að ákærða ók umræddri bifreið og jafnframt að hjól bifreiðarinnar fór yfir hægri fót brotaþola. Í ákæru var ranglega staðhæft að það hefði verið vinstri fótur brotaþola sem bifreiðin fór yfir en ákæruvaldið leiðrétti það við aðalmeðferð málsins. Ljóst er að vörnum ákærðu hefur á engan hátt verið áfátt vegna þessa og því er unnt að taka kröfu ákæruvaldsins til efnislegrar úrlausnar svo breytta, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
44. Á myndböndunum sést að mati dómsins glögg að ákærða ók þar mjög ógætilega í grennd við gangandi vegfarendur. Ekki verður séð af myndböndunum að ákærðu hafi stafað nein slík ógn af hópnum að þörf hafi verið á að hraða för af vettvangi eins mikið og hún gerði, með þeim afleiðingum að hætta skapaðist. Þvert á móti verður ekki annað séð en að hún hefði átt þess kost að bíða með að aka aftur af stað, eftir að hún stöðvaði bifreiðina, þar til vegfarendurnir hefðu vikið úr akstursleiðinni. Það sem sést á myndböndunum er í öllum aðalatriðum í samræmi við framburði brotaþola og annarra vitna fyrir dómnum. Telja verður að ákærða hafi með þessari háttsemi sýnt af sér verulegt gáleysi.
45. Í 219. gr. almennra hegningarlaga segir að ef tjón á líkama eða heilbrigði, slíkt sem í 218. gr. eða 218. gr. a getur, hlýst af gáleysi annars manns, þá varði það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Þannig er í 219. gr. m.a. vísað um afleiðingar brots til 218. gr., en samkvæmt 1. mgr. síðarnefndu lagagreinarinnar er það skilyrði refsinnæmis að tjón hafi orðið á líkama eða heilbrigði brotaþola, án þess þó að umfangi þess tjóns sem þarf að hafa orðið sé nánar lýst. Í framkvæmd hefur þó verið við það miðað að til að refsað verði á grundvelli umræddra ákvæða þurfi tjón að hafa náð nokkru umfangi, svo sem að bein hafi brotnað, en beinbrot er þó engan veginn fortakslaust skilyrði refsinnæmis samkvæmt þeim.
46. Læknisfræðileg gögn um líkamstjón brotaþola benda til þess að hann glími við varanlegar afleiðingar af atvikinu, sem m.a. lýsi sér í verkjum í hægri fæti og ökkla við hlaup og göngu um tröppur, auk skertrar hreyfigetu. Vegna þessara einkenna hefur hann samkvæmt framlögðum gögnum verið metinn til 5% læknisfræðilegrar örorku í [...] og honum verið ákvarðaðar bætur þar í landi vegna þess. Að mati dómsins er að þessu virtu

nægilega fram komið að ákærða hafi valdið brotaþola tjóni á líkama eða heilbrigði í skilningi 219. gr., sbr. 1. mgr. 218. gr. sömu laga.

Akstur í grennd við gangandi vegfarendur

47. Í ákæru er háttsemi ákærðu sem fyrr segir m.a. heimfærð til 2. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þar kemur fram að ökumaður sem ekur yfir gangstétt, göngustíg eða inn á akbraut frá lóð eða svæði við veginn skal bíða meðan gangandi vegfarandi fer framhjá. Sama eigi við um akstur inn á eða yfir göngugötu. Við beygju á gatnamótum megi ökumaður ekki valda gangandi vegfaranda, sem fer yfir akbraut þá sem beygt er inn á, hættu eða óþægindum. Sama eigi við um akstur yfir akbraut eða af henni þar sem ekki eru vegamót. Á fyrrgreindum myndböndum sést að umræddur akstur ákærðu fór fram á akbraut, þar sem gangandi vegfarendur voru staddir, án þess þó að uppi væru þær aðstæður sem lýst er í tilvitnaðri málsgrein laganna. Í 1. mgr. kemur aftur á móti fram að ökumaður sem ekur framhjá gangandi vegfaranda skuli gefa honum tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými á veginum. Ekki er vísað til þeirrar málsgreinar í ákærunni.
48. Samkvæmt 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála má hvorki dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó má sakfella ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt þess vegna. Dómari getur gefið aðilum færi á að tjá sig um atriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Með sömu skilyrðum er dómara og rétt að dæma eftir öðrum refsiaákvæðum en fram koma í ákæru, þó aldrei aðrar kröfur en þar greinir.
49. Skýrlega kemur fram í ákæru að meðal þess sem ákærðu er gefið að sök er að hafa ekið framhjá hópi gangandi vegfarenda án nægilegrar aðgæslu. Við aðalmeðferð málsins laut munnlegur málflutningur saksóknara og verjanda m.a. að því atriði. Að teknu tilliti til þess er það mat dómsins að vörn ákærðu hafi ekki verið áfátt þótt háttsemi hennar sé að þessu leyti heimfærð til 2. í stað 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga í ákærunni. Þá er það niðurstaða dómsins, með vísan til þess sem fyrr greinir um gáleysislegt aksturslag ákærðu innan um gangandi vegfarendur, að ákærvaldið hafi fært nægar sönnur fyrir því að hún hafi með háttsemi sinni brotið gegn síðastnefndu lagaákvæði.

Ölvunarakstur

50. Með niðurstöðu rannsóknar á blóðsýni úr ákærðu, sem leiddi í ljós að magn vínanda í blóði hennar hefði verið 0,60‰ í umrætt sinn, er enn fremur sannað að hún hafi gerst sek um brot gegn 1., sbr. 2., mgr. 49. gr. umferðarlaga. Engu breytir í þeim efnum þótt hún hafi eftir atvikum ekki fundið til áfengisáhrifa eða talið að ekki væri lengur áfengi í blóði hennar.

Ákvörðun refsingar

51. Að framangreindu virtu verður ákærða sakfelld fyrir brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 27. gr. og 1., sbr. 2., mgr. 49. gr. umferðarlaga.
52. Samkvæmt framlögðu sakavottorði var ákærðu gerð sekt vegna ölvunaraksturs 29. maí 2024 en hefur að öðru leyti ekki gerst brotleg við refsilög þannig að áhrif hafi við ákvörðun refsingar hér. Þar sem brotið sem hér er til umfjöllunar var framið áður en ákærðu var gerð umrædd sekt verður henni nú dæmdur hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga.
53. Telja verður að umtalsverð hætta hafi skapast vegna aksturslags ákærðu í grennd við gangandi vegfarendur í umrætt sinn. Það atriði vegur til þyngingar refsingar, sbr. 1. og 3. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Það sem fram hefur komið um að áfallastreituröskun ákærðu kunnri að hafa haft áhrif á viðbrögð hennar við aðstæðunum hefur aftur á móti vægi til mildunar, sbr. 6. tölulið sömu málsgreinar. Jafnframt er til þess að líta að ákærða mun sjálf hafa samband við lögreglu til að tilkynna um atvikið og virðist hafa sýnt samstarfsvilja hvað það varðar að upplýsa málið, sbr. 9. tölulið sömu málsgreinar. Þegar atvik málsins eru virt heildstætt þykir refsing ákærðu fyrir brot hennar gegn 219. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Að virtum sakaferli ákærðu og í ljósi þess hve langur tími er liðinn síðan brotið var framið verður refsingin skilorðsbundin.
54. Jafnframt verður ákærðu gerð sekt vegna brota hennar gegn ákvæðum 1. mgr. 27. gr. og 1., sbr. 2., mgr. 49. gr. umferðarlaga, sbr. 4. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga. Sektin þykir hæfilega ákveðin 110.000 krónur, sbr. 98. gr. umferðarlaga, og skal hún greiddast í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja en ella sæti ákærða fangelsi í átta daga.
55. Enn fremur verður ákærðu gert að sæta sviptingu ökuréttinda í einn mánuð frá birtingu dómsins að telja. Hvað tímalengd sviptingar varðar er tekið mið af því að ákærðu er með

dómnum gerður hegningarauki, sem og því að refsing hennar er skilorðsbundin, sbr. 61. gr. almennra hegningarlaga.

Úrlausn um einkaréttarkröfu brotþola

56. Brotþoli krefst þess að ákærða verði dæmd til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 1.200.000 krónur og útlagðan kostnað að fjárhæð 22.538 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er heimilt að láta þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Fyrrgreind háttsemi ákærðu verður metin henni til stórfellds gáleysis í þessum skilningi, sbr. það sem fyrr greinir um mat á gáleysi hennar m.t.t. refsíabyrgðar samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga. Þá liggur fyrir að brotþoli varð fyrir líkamstjóni sem virðist hafa skert lífsgæði hans til frambúðar, sbr. það sem fyrr greinir þar að lútandi. Að virtu umfangi þess líkamstjóns og með hliðsjón af dómaframkvæmd þykja miskabæturnar hæfilega ákveðnar 1.000.000 króna. Jafnframt verður fallist á kröfu brotþola um endurgreiðslu útlagðs kostnaðar að fjárhæð 22.538 krónur, vegna þjónustu við hann á bráðamóttöku Landspítala, enda krafan að því leyti studd reikningi sem dagsettur er 12. september 2023.
57. Í einkaréttarkröfu er upphafstími vaxta miðaður við daginn sem brotið var framið og upphafstími dráttarvaxta við þann dag þegar mánuður var liðinn frá birtingu bótakröfu fyrir ákærðu. Fallist verður á upphafstíma vaxta og dráttarvaxta af miskabótum í samræmi við það, en einkaréttarkrafan var birt ákærðu með ákæru 2. júlí 2025. Upphafstími vaxta af útlögðum kostnaði vegna þjónustu bráðamóttöku Landspítala verður miðaður við útgáfudag fyrrnefnds reiknings, 12. september 2023.
58. Enn fremur verður fallist á að ákærða skuli greiða brotþola málskostnað, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Hann telst hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir, að meðtöldum virðisaukaskatti, í samræmi við tímaskýrslu lögmanns brotþola.

Sakarkostnaður o.fl.

59. Samkvæmt 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þar með talin eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar að fjárhæð 1.528.455 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og aksturskostnaður sama lögmanns að fjárhæð 86.400 krónur. Þá hefur samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins

fallið til annar sakarkostnaður að fjárhæð 91.218 krónur, vegna læknisvottorðs og greiningar á blóðsýni, sem ákærðu verður gert að greiða.

60. Sólveig Ingadóttir aðstoðarsaksóknari flutti málið af hálfu ákærvaldsins, af hálfu ákærðu flutti málið Arnar Vilhjálms Arnarsson lögmaður, skipaður verjandi hennar, og Valgerður Valdimarsdóttir lögmaður flutti málið vegna einkaréttarkröfu brotþola.
61. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærða, X, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærða almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði 110.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja en sæti ella fangelsi í átta daga.

Ákærða sæti sviptingu ökuréttinda í einn mánuð frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða skal greiða brotþola, Y, 1.022.538 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 1.000.000 króna frá 11. september 2023 til 12. sama mánaðar en af 1.022.538 krónum frá þeim degi til 2. ágúst 2025 og dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig skal ákærða greiða brotþola 720.180 krónur í málskostnað.

Ákærða greiði samtals 1.706.073 krónur í sakarkostnað sem renni í ríkissjóð. Þar eru innifalin málsvarnarlaun verjanda hennar, Arnars Vilhjálms Arnarssonar lögmanns, að fjárhæð 1.528.455 krónur með virðisaukaskatti, aksturskostnaður sama lögmanns að fjárhæð 86.400 krónur og önnur útgjöld sem samkvæmt yfirliti ákærvaldsins nema 91.218 krónum.

Þorsteinn Magnússon